

## Stjórn Almannaheilla

Stjórnarfundur haldinn fimmtudaginn 16. nóvember kl. 12:00 í húsnæði Almannaheilla,  
Urriðaholtsstræti 14, 210 Garðabæ.

---

*Mætt: Guðrún Helga Harðardóttir, Hildur Helga Gísladóttir, Ingveldur Jónsdóttir, Tryggvi Axelsson, Tómas Torfason.*

*Fjarverandi: Anna Margrét Hrólfadóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Ásdís Eva Hannesdóttir, Berglind Gunnarsdóttir Strandberg, Ragnar Schram, Ragnhildur Freysteinsdóttir, Sigríður Sólan, Una Sveinsdóttir (boðaði forföll sín) og Viðar Eggertsson.*

---

## Fundargerð

### 1. Fundur settur

Formaður setti fundinn og boðaði fundarmenn velkomna.

### 2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og samþykkt.

### 3. Samstarf við Oddfellow um húsnæðið í Urriðaholtsstræti 14.

Verið er að skoða húsnæðissamning hjá Oddfellow með tillögu að tveggja ára samningi og framlengingu með hugsanlega einhverju nýju sniði þó og markmiði að fá inn betri nýtingu á húsið.

### 4. Samstarf Almannaheilla við Einurð

Skrifstofuþjónusta og húsnæði – rætt um fyrri samning og hvað væri hugsanlega hægt að semja um varðandi þjónustu en ekkert ákveðið.

### 5. Fundur fólksins

Uppgjör, skýrsla og framhaldið.

Farið vítt og breytt um málið.

Verkefnastyrkurinn ræddur og að enn eigi eftir að setja saman myndbandsklippur.

Fjöldatölur, niðurstaða frá þátttakendum -rætt um þær- þátttöku og fjölda á staðnum – hvað fannst fólki.

Þurfum að heyra í Jóni með myndvinnsluna.

Jónas á mikinn þátt í að virkja fólk til starfa í kringum Fund fólksins, þá lagði hann að fólki að taka þátt í Fundi fólksins. Rætt um að skoða þetta aðeins hvernig þetta var framkvæmt og hvað má fara betur - eru ekki örugglega öll gögn til eins og tölvupósta sem voru notaðir og síminn þannig að ekki þurfi alltaf að byrja upp á nýtt. Það þarf að skila öllum gögnum um fund fólksins. Rætt um að fara yfir hvort allt sé komið og öll gögn séu til staðar og hvar þau eru geymd.

Tómas upplifði skipulagsleysi í kringum viðburðinn, að sífellt væri að „redda“ málum. Það vantaði upplýsingaflæði til stjórnar viðburðarins. Skipuleggja þarf betur alla umgjörð

fundarins. Tómas nefndi að t.d. væri hægt að fá skátana til að stjórna viðburðinum og sjá um aðbúnað og alla umgjörðina. Það þarf að vera eitt þema og ein umgjörð og mun betri markaðssetning og aðkoma fleiri félaga innan Almannaheilla.

- Hvernig getum við gert betur á milli ára? Á að vera þema? Hvaða umgjörð viljum við hafa? Hvaða yfirskrift og viljum við hafa? Verkefnastjórnun af einhverjum sem er afar vanur og kann þetta?
- Tryggvi: Hefðu Almannaheill átt að vera með erindi og ræða stöðu félaganna við þingmenn á Fundi fólksins?

Skýrslan og samantektin þarfnast meiri umræðu allir sammála því.

## 6. Sjálfboðaliði ársins

Tíminn er naumur, dagur sjálfboðaliðans er 5. desember. Gerum eins og í fyrra, auglýsum eftir tilnefningum á sjálfboðaliða ársins fyrir 1. des. næstkomandi og veljum úr því sem við fáum inn. Guðrún og Tómas eru með verkefnið.

## 7. Af verkefnalistanum

[https://docs.google.com/document/d/1-1CVdcHq9coQVIEG2xSCt8Y2\\_6Pcy87h9A\\_wZi5GVTI/edit](https://docs.google.com/document/d/1-1CVdcHq9coQVIEG2xSCt8Y2_6Pcy87h9A_wZi5GVTI/edit)

Fórum vítt og breitt í nokkra hluta listans á fundinum í dag, svo sem VSK, myndband, kynningarefnið „Áttu samleið með okkur?“

## 8. Önnur mál

- a) Frjáls félagasamtök eru undir álagi vegna náttúruhamfaranna í Grindavík.
- b) Stjórn upplýst um fund Tómasar og Guðrúnar við Einurð – þar sem farið var yfir samkomulag varðandi vinnu og húsnæði. Reikningur Einurðar líka ræddur og vinnskýrsla þar á bakvið og fengin skýrin á því hvað í þessu felst. Ljóst er að ef samkomulag á að vera áfram - þá þarf að að skilgreina vel í hverju þeirra vinna ætti að felast og hvernig hún færi fram.

## 9. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 14. desember kl. 12.00.

## 10. Fundi slitið

Fundi slitið kl. 13.30.